

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 7. maí 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-117/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 18. desember sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á baðkari, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst nýrrar afhendingar og skaðabóta.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 30. desember sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 13. janúar. Undir rekstir málisins, eða hinn 13. mars, bárust hins vegar andsvör frá seljanda. Engin frekari gögn bárust nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 6. október 2013 keypti álitsbeiðandi baðkar af seljanda fyrir kr. 19.995. Á sama tíma keypti álitsbeiðandi einnig ýmsar fleiri vörur af seljanda fyrir samtals kr. 139.650, en á tíma kaupanna stóð álitsbeiðandi í endurbótum á íbúð sinni, þ.m.t. á baðherbergi. Var hið keypta baðkar sett upp á baðherberginu og m.a. lagðar nýjar flísar í kringum það. Segir álitsbeiðandi að um tveimur vikum eftir að framkvæmdum á baðherberginu var lokið hafi hann tekið eftir brúnum blettum í baðkarinu sem hann hafi haldið að væru ryðblettir. Þegar blettirnir fóru ekki við þrif með rauðspritti segist álitsbeiðandi hafa farið og talað við starfsmenn seljanda. Hafi starfsmenn seljanda talið að baðkarið væri haldið einhverskonar galla. Eftir einhvern drátt mun pípulagningamaður á vegum seljanda hafa komið og skoðað baðkarið. Einhverju síðar hafði starfsmaður seljanda samband við álitsbeiðanda og bauð honum að skipta út baðkarinu álitsbeiðanda að kostnaðarlausu, en neitaði að taka þátt í kostnaði við að taka niður gallaða baðkarið og setja upp nýtt.

Álitsbeiðandi gerir þá kröfu að seljandi skipti út hinu gallaða baðkari og skili baðherbergi hans í því ástandi sem það hefði verið ef baðkarið hefði ekki reynst gallað.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir að seljandi hafi farið yfir málið og komist að raun um að galli hafi verið í sendingu af baðkörum af þeirri tegund sem álitsbeiðandi kvartaði undan. Þá kemur fram að til að koma til móts við þau óþægindi sem þetta hafi valdið og bæta fyrir gallann, bjóðist seljandi til að leggja til nýtt og sambærilegt baðkar, ásamt því að senda fagmenn á sínum vegum til að skipta því út fyrir hið gallaða baðkar, með tilheyrandi frágangi og uppsetningu.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og rakið er að framan keypti álitsbeiðandi baðkar af seljanda hinn 6. október 2013 fyrir kr. 19.995. Álitsbeiðandi setti baðkarið upp á heimili sínu, en um tveimur vikum eftir uppsetningu varð hann var við bletti í baðkarinu. Taldi álitsbeiðandi baðkarið gallað og hafði samband við seljanda sem nokkru síðar lét skoða baðkarið og bauð álitsbeiðanda í kjölfarið nýtt baðkar. Í málinu gerir álitsbeiðandi annarsvegar kröfu um að seljandi afhendi sér nýtt samskonar baðkar, líkt og seljandi hefur samþykkt að gera, en einnig að seljandi skipti út hinu gallaða baðkari og skili baðherbergi hans í því ástandi sem það hefði verið ef baðkarið hefði ekki reynst gallað.

Í andsvörum seljanda kemur fram að seljandi fallist að öllu leyti á kröfur álitsbeiðanda um að leggja honum til nýtt baðkar, ásamt því að láta fagmenn á sínum vegum skipta baðkarinu, með tilheyrandi frágangi.

Samkvæmt þessu er ljóst að seljandi hefur fallist í einu og öllu á kröfur álitsbeiðanda. Kærunefndin lítur því svo á að ágreiningur aðila sé úr sögunni að svo stöddu, a.m.k. að svo miklu leyti sem leitað verður álits kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa á honum sbr. ákvæði laga nr. 87/2006. Af þessum ástæðum ber kærunefndinni að vísa beiðni álitsbeiðanda frá sér.

VI

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir